um frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á mörgum fundum. Auk þess hefur formaður rætt það við menntamálaráðherra og formann nefndar þeirrar, er undirbjó frumvarpið, dr. Finn Guðmundsson.

Áður en frumvarp þetta verður að lögum, telur nefndin rétt að fá umsagnir sýslunefnda og bæjarstjórna um það í því skyni að afla sem gleggstra upplýsinga um hinar ólíku aðstæður víðs vegar um land varðandi fuglalíf og fuglaveiðar. Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði að sinni afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin sendi frumvarp þetta til umsagnar sýslunefnda og bæjarstjórna, og leggi það að nýju fyrir Alþingi að fengnum umsögnum þessara aðila, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 16. jan. 1952.

Gunnar Thoroddsen, form., frsm. Páll Þorsteinsson, fundaskr. Kristín Sigurðardóttir.

Gísli Guðmundsson. Jónas Árnason.